Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

04 AUG. 2004

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson




**Breytingar.**

Húsið Reykjavíkurvegur 72 er upphaflega teiknað af Kjartani Sveinssyni ýmsar breytingar hafa verið gerðar og hefur ARKO teiknistofa m.a. gert sumar þeirra og er stuðst við þær teikningar. Fyrirhugaðar framkvæmdir við Reykjavíkurveg 72 Hafnarfirði samkvæmt uppdráttum Erlendar Árna Hjálmarssonar og Hjálmars Arnar Guðmarssonar dags. 4. júlí 2004 eru eftirfarandi.

Á 2. hæð hússins í matshluta 02 og 03 er gert ráð fyrir að innrétta hótel/gistiheimili með 24 herberjum ásamt snyrtingum ásamt því að aðstaða er til eldunar í hverju herbergi. Þá er gert ráð fyrir aðstöðu húsvarðar. Öll herbergi eru með svefnaðstöðu fyrir tvo einstaklinga, ef frá er talið aðstaða húsvarðar og eitt herbergi í mhl.03.

Á fyrstu hæð í mhl. 03 er gert ráð fyrir anddyri er snýr að Stakkahrauni en í dag er anddyri ásamt stigagangi en bætt er við lyftu og geymslum undir stiga.

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| — · — · — | Brunasamstæðuskil, EI-90 |
| (tvöföld lína) | 160 mm gipsveggur: 70 mm heilsteypt gips, 20 mm loftbil, 70 mm heilsteypt gips |
| (lína) | 70 mm gipsveggur: 70 mm heilsteypt gips |
| 30 m | Brunaslanga, lengd skilgreind í metrum. |
| GN. | Gólfniðurfall |
| LR. | Loftræsing, vélræn |
| (skástrikað) | Blindun glugga |

**Byggingarlýsing.**

**Veggir.**
Allir innveggir eru byggðir upp úr steyptu gipsi 7 cm þykkir og einnig 2 x 7 cm með 2cm loftrúmi þeir veggir sem eru milli herberja og frá herbergi út á ganga.

**Gólf.**
Á herbegjum, göngum og anddyri verður parket á gólfum en í snyrtingum overða gólfflísar.
Á gólfi ræstiherbergis og línherbergis verður gófdúkur

**Loft.**
Öll loft eru steinsteypt og verða niðurtekin loft í herbergjum og göngum úr gipsplötum.

**Lagnir.**
Gert er ráð fyrir að hita og neysluvatslagnir verði úr rústfríu stáli. Frárennslislagnir verða úr potti.

**Loftræsing.**
Í öllum herbergjum eru opnanlegir gluggar til loftræsingar en á snyrtingum og öðrum lokuðum rýmum verður vélræn loftræsing.

**Brunavarnir.**

Geta má þess að allt burðarvirki hússins þ.e. veggir, loft og gólf er gert úr steinsteypu.

**Brunasamstæður.**
Á lóðinni eru 3 matshlutar og er fyrirhugað að gistiheimilið verður innréttað í mhl. 02 og 03 og er gert ráð fyrir að opið sé milli þessara matshluta á 2. hæð og jafnframt gert ráð fyrir hurð á gangi milli matshlutanna sem uppfylli
EI-CS60 á segulloka sem tengdur verði brunaviðvörunarkerfi hússins.
Þannig að gistiheimilið er í 2 brunasamstæðum.

**Brunahólfum.**
Hverri brunasamstæðu er skipt upp í mörg brunahólf og er hvert íbúðarherbergi eitt brunahólf skilið af frá öðrum herbergjum eða gangi með EI-60 veggjum og EI-CS30 hurðum.
Sama á við um önnur rými hvað varðar brunahólfun.
Þá eru gangar aðskildir frá anddyri í mhl. 03 með EI-CS30 hurð á segulloka sem tengd verður brunaviðvörunarkerfi hússins og frá rýmingarleið í mhl. 01 með EI-CS60 hurð.

**Rýmingarleiðir.**
Rýmingarleiðir af 2. hæð eru tvær ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um anddyri í matshluta 01 er snýr að Reykjavíkurvegi.

**Brunaviðvörunarkerfi.**
Í gistiheimilið verður sett upp viðurkennt brunaviðvörunarkerfi, samkvæmt reglum Brunamálastofnunar, sem verður tengt viðurkenndir stjórnstöð.

**Út - og neyðarlýsing.**
Í gistiheimilið verður hönnuð og sett upp út- og neyðarlýsing viðurkennd af eldvarnareftirliti.

**Klæðningar.**
Allar klæðningar í lofti og veggjum verða í flokki 1.
Öll gólfefni verða í flokki G.

**Slöngukefli og slökkvitæki.**
Slöngukefli eru sýnd á grunnmyndum og slökkvitæki verða sett upp í samráði við eldvarnareftirlit.

**Aðkoma slökkviliðs.**
Gistiheimilið er á 2. hæð að Reykjavíkurvegi og Stakkahrauni og þriðju hæða á baklóð og öll aðkoma góð þá er aðkoma og aðstaða slökkviliðs öll hin besta. Þá er staðsetning slökkviliðs þannig að viðbragðstími þess að húsinu er ekki nema 3- 5 mínútur.

**Heilbrigðismál.**

**Almenn atriði.**
Öll lokuð rými verða útloftuð með vélrænni útloftun.
Þá verður vélræn útloftun frá eldunaraðstöðu.

**Ræsting.**
Í gistiheimilinu er gert ráð fyrir einni ræstingu er rúmar 3 ræstivagna, skolvask og geymslur fyrir ræstitæki og efni. Stærð þess er 5,7 m².

**Lín.**
Gert er ráð fyrir línherbergi þar sem rúmföt og annar búnaður er geymdur stærð þess herbergis er 6,7 m².
Óhreinn þvottur verður fluttur úr húsi og þveginn í þvottahúsi og kemur því hreinn í hús.

**Sorpgeymslur.**
Engin breyting er á þeim hlutum þar sem gert er ráð fyri sömu sorpgeymslum og verið hefur en þær eru staðsettar á baklóð.

**Starfsmannarými.**
Gert er ráð fyrir einu herbergi fyrir húsvörð með snyrtingu og eldunaraðstöðu. Þá er gert ráð fyrir aðstöðu starfsfólks þ.e. snyrting, sturta og búningsaðstaða.

F.h. 6.7 2004
HEILBRIGÐISEFTIRLITS
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

| | |
|---|---|
| REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJ. | TEIKN.NR. 104 |
| EFNI: AÐALUPPDRÁTTUR | DAGS.: 04.07.2004 |
| GRUNNMYND 2. HÆÐAR | MKV.: 1:100 |
| | ÚTGÁFA: FRUM. |

HÖNNUÐIR: Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 10.03.'55-5239
Hjálmar Örn Guðmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 20.06.'72-3809